

Yfirlýsing peningastefnunefndar 30. september 2015

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að halda vöxtum bankans óbreyttum. Meginvextir bankans, vextir á sjö daga bundnum innlánnum, verða því áfram 5,5%.

Á fyrri hluta ársins var vöxtur innlendrar eftirspurnar áþekkur því sem gert var ráð fyrir í síðustu spá Seðlabankans, en hagvöxtur mælist töluvert meiri. Þótt spáskekkjan stafi líklega af tímabundnum þáttum er áfram útlit fyrir öflugan hagvöxt og vaxandi framleiðsluspennu á næstu misserum.

Verðbólga er enn undir markmiði Seðlabankans, sérstaklega ef horft er framhjá húsnæðislið vísitölu neysluverðs, og hefur aukist hægar en gert var ráð fyrir í síðustu spá bankans. Stafar það að nokkru leyti af herra gengi krónu en sveiflukennir liðir eiga þar einnig hlut að máli. Verðbólguhorfur til lengri tíma litið hafa því ekki breyst umtalsvert þótt nærhorfur séu betri. Niðurstaða kjarasamninga og tiltölulega háar verðbólguvæntingar benda eftir sem áður til þess að verðbólga muni aukast á næstu misserum. Á móti kemur lækkun alþjóðlegs vöruverðs og tæplega 4% hækkun á gengi krónunnar frá síðustu vaxtaákvörðun þrátt fyrir mikil gjaldeyriskaup Seðlabankans.

Aukist verðbólga í framhaldi af kjarasamningum svipað og spár benda til mun peningastefnunefndin þurfa að hækka vexti frekar eigi verðbólgu markmiðið að nást til lengri tíma litið. Hve mikið og hve hratt ræðst af framvindunni og því hvernig greiðist úr þeirri óvissu sem nú er til staðar. Sterkari króna og alþjóðleg verðlagsþróun hefur gefið svigrúm til að hækka vexti aðeins hægar en áður var talið nauðsynlegt en breytir ekki þörf fyrir aukið aðhald á næstu misserum. Vaxtaferillinn mun einnig ráðast af því hvort öðrum stjórnþækjum verður beitt til þess að halda aftur af eftirspurnarþrýstingi á komandi misserum. Að teknu tilliti til hagsveiflu felur vænt afkoma ríkissjóðs í ár og frumvarp til fjárlaga 2016 hins vegar í sér slökun á aðhaldi í ríkisfjármálum sem að óbreyttu kallar á meira peningalegt aðhald en ella.

Peningastefnunefnd hefur ákveðið að auka bindiskyldu úr 2% í 4% frá og með næsta bindiskyldutímabili sem hefst 21. október nk. Er það gert til þess að auðvelda Seðlabankanum stýringu á lausu fé í umferð í framhaldi af miklum gjaldeyriskaupum bankans að undanförunu og í tengslum við uppgjör slitabúa gömlu bankanna og útboð sem áformað er í því skyni að leysa út eða binda svokallaðar aflandskrónur. Nýjar reglur um bindiskyldu verða sendar í dag til birtingar í *Stjórnartíðindum*.